

23. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar, haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar að Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn, mánudaginn 2. júlí 2012, kl. 12:00

Mætt: Steinunn Leósdóttir formaður, Jósteynn Hermundsson, Vikar Mór Vífilsson, Sóley Indriðadóttir. Jafnframt sat fundinn Gunnólfur Lárusson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Umsókn um byggingarleyfi

Erindi til nefndarinnar frá Sverri Möller þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir 163,8 m² bogaskemmu að Ytra Lóni. Meðfylgjandi umsókn eru drög að teikningum sem sýna afstöðu hússins til annarra útihúsa.

US fellst fyrir sitt leyti á staðsetningu nýbyggingarinnar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi þegar fullnægjandi gögn hafa borist honum.

Samþykkt samhljóða.

2. Gangstéttar og gróður

US leggur til að haldið verði áfram við gerð gangstéttar frá horni Bakkavegar og upp Langanesveg. Jafnframt því verði gróðursett meðfram gangstéttinni fyrir ofan Samkaup, ásamt því að setja gróður á manirnar við Langholt.

Samþykkt samhljóða.

3. Önnur mál.

Tjaldsvæði: US leggur til að tjaldsvæðið verði skipulagt og unnið út frá því.

Samþykkt samhljóða.

US leggur til að fengnir verði fagmenn til að yfirfara gróður í sveitarfélaginu.

Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóri greindi frá því að búið væri að panta járn á slökkvistöð, áhaldahús og skóla. Farið verði í það með haustinu að setja það á hús.

Fundargerðin upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl.13:00.